

## Sveitarstjórn Múlapings - 42 (13.12.2023) - Vegslóðar og utanvegaakstur

**Málsnúmer** : 202210104  
**Málsaðili** : Ferðafélag Fljótsdalshéraðs  
**Niðurstaða (stutt)** : Samþykkt  
**Fundardagur** : 13.12.2023

**Inngangur** :  
**Niðurstaða** : Fyrir liggur bókun heimastjórnar Fljótsdalshéraðs, dags. 08.12.2023, varðandi vegslóða og utanvegaakstur.

Til máls tóku: Ívar Karl Hafliðason, Pétur Heimisson sem bar upp fyrirspurn, Björn Ingimarsson svaraði fyrirspurn Péturs.

Eftirfarandi tillaga lögð fram:

Sveitarstjórn Múlapings samþykkir að vísa tillögu heimastjórnar Fljótsdalshéraðs varðandi mögulega samningsgerð um tímabundið veghald á vegslóða sem liggur frá Kárahnjúkastíflu yfir Sauðárstíflu, gegnum Brúardali, framhá Fagradal og yfir á veg F905 við Álftadalsá til umhverfis- og framkvæmdaráðs til umfjöllunar og afgreiðslu.

Samþykkt samhljóða með handauppréttingu.